

203

29. nóv.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ungbörn í Vöggustofu Barnauppeldissjóðs Thorvaldsensfélagsins að Hlíðarenda, eftir því sem stjórn sjóðsins telur nauðsynlegt á hverjum tíma, með gjöfum til barnanna eða á annan hátt.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm konur. Stofnandi sjóðsins, Sigríður Guðmundsdóttir, skal vera formaður hans, en eftir hennar dag elzti afkomandi hennar í kvenlegg eða ættmenni valið af stjórn sjóðsins. Aðrar í stjórn skulu vera formaður Thorvaldsensfélagsins og þrjár stjórnarkonur Barnauppeldissjóðs Thorvaldsensfélagsins. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Fundir í sjóðstjórn eru lögmætir, ef formaður og tvær aðrar úr stjórn hans mæta.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal miðast við 1. marz ár hvert og skulu ársreikningar hans fylgja ársreikningi Barnauppeldissjóðs Thorvaldsensfélagsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók um störf sín og úthlutun úr sjóðnum, sem jafnan skal fara fram 20. júlí, verði því við komið. Í gerðabókina skal færa skipulagsskrá þessa. Stjórn sjóðsins skal annast fjársöfnun til sjóðsins og sjá um eflingu hans, m. a. með sölu minningarkorta.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 25. október 1960.

Sigríður Guðmundsdóttir.

Ingvar Helgason.

Samþykkjum skipulagsskrána.

F. h. Thorvaldsensfélagsins
Svanfríður Hjartardóttir,
formaður.

F. h. Barnauppeldissjóðs Thorvaldsensfélagsins
Bjarnþóra Benediktsdóttir,
formaður.

204

27. des.

AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts 1961.

Ákveðið hefur verið að nota heimild í 1. gr. laga nr. 75 5. desember 1960 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1961. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

Í menntamálaráðuneytinu, 27. desember 1960.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.